

22. TBL. NÓVEMBER 2021

FRÉTTABRÉF



8 VERKEFNI KLÁRA FYRSTA VIÐSKIPTAHRAÐAL NÝSKÖPUNAR Á NORÐURLANDI EYSTRA

Lokaviðburður Vaxtarýmis var haldinn hátiðlega fóstudaginn 26. nóvember sl. á Akureyri. Áttu nýsköpunarteymi kynntu stórglesileg verkefni sín og var viðburðinum streymt á netinu en þeir sem mættu nottingu í fóstu og fljóftandi formi.

Sesselja Ingibjörg Barðdal, framkvæmdarstjóri Eims, og Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps og verkefnastjóri NÍN stýrðu dagskrá. Hilda Jana Gísladóttir, formaður SSNE, fór með opnunarerindi ásamt Unni Valborgu Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóra SSNV.

Nýsköpunarteymi Vaxtarýmis 2021 voru: Icelandic Eider, Mýsilica, Íslandsþari, Austan Vatna, Plastgarðar, Mýskopun, Nægtarbrunnur Náttúrunnar og Ektafiskur.

Næsti ljóur í hringrásinni er fjárfestamót sem verður haldd í Siglufirði í vor. Að Norðanátt koma Eimur, landshlutasamtókin SSNE og SSNV, Nýsköpun í Norðri, Hraðið og RATA.



Á mynd eru þáttakendur Vaxtarýmis 2021 ásamt teymi Norðanáttar.



RAFORKUMÁL Í EYJAFIRÐI

Þann 11. Nóvember sl. héldu Samtök atvinnurekenda á Akureyri (SATA) í samstarfi við Akureyrarbæ og SSNE fjarfund undir ytífskriftinni Aukin raforka í Eyjafirði – Tálsýn eða tækifær?

Upprunalega stóð til að hafa fundinn sem staðarfund en í ljósi veldisvaxtar Covid-19 veirunnar var ákveðið að hafa hann rafrænann að þessu sinni. Á fundinum var farið yfir innviðamál sem siflert þarf að hálfa á lofti, þá sér í lagi um afhendingargetu og afhendingaröryggi í orkumálum. Um 70 manns sóttu fundinn rafrænt á Facebook og Zoom.



Upptaka af fundinum
er aðgengileg hér.



Gnýr Guðmundsson



Sigurður Markússon



Úlfar Linnet

SAMGÖNGUSTEFNA NORÐURLANDS EYSTRA

Unnin hefur verið skýrsla um mögulegar framkvæmdir í vegagerð á Norðurlandi eystra. Skýrslan er fyrsti átangi í áhersliverkefni sem RHA tok að ser að vinna fyrir SSNE. Markmið verkefnisins er að greina framtíðar vegaframkvæmdir eða samgöngukosti sem varða starfssvæði SSNE þannig að þeir komist í umræðu og í framhaldini sá unnt að forgangraða völdum kostum kerfisbundið á einhvern hátt með hag almennings og atvinnu- og efnahagslífs landshlutans í huga.

Við áframhaldandi vinnu við val á verkefnum til nánar skoðunar og samanburðar verður bæði litið til þessarar skýrslu, en einnig til smærri og/eða "nærtækari" samgönguverkefna sem teljast fremur viðhaldar eða framhald á númerandi vegakerfi. Verður val verkefna og áframhaldandi vinna við áætlunina unnin í samstarfi við SSNE.

Hér má lesa skýrsluna



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



SÓKNARÁÆTLUN
NORDURLANDS EYSTRA



Samtök atvinnurekenda á stöðumþróunar
á Norðurlandi eystra

158 UMSÓKNIR UM STYRK Í UPPBYGGINGARSJÓÐ NE



Fimm vikna umsóknarfresti um styrk í Uppbyggingsarsjóð Norðurlands eystra lauk 10. nóvember sl. Að þessu sinni bárust 158 umsóknir sem er nokkur lækkun frá síðasta ári þegar heildarfjöldi umsókna var 201. Árið þar á undan bárust einnig 158 umsóknir. Tölувart álag var á starfsmönnum og tölvukerfi síðustu dagana fyrir lokaskil en þó virtust skilaboð okkar um að vinna tímanlega í umsókna hafa skilað sér hví betri dreifing var á skiladegi umsókna en aður hefur verið. Við gróflustur umsókna má sjá mikla breidd og dýpt í verkefnum sem línihuguð eru en umsóknirnar skiptast í þríja styrkjaþókku:

- 67 umsóknir bárust vegna verkefnastyrkja á svíði atvinnuþróunar og nýsköpunar
- 72 umsóknir bárust vegna verkefnastyrkja á svíði menningar
- 19 umsóknir bárust vegna stofn- og rekstrarstyrkja á svíði menningar

Úthlutun fer fram í janúar 2022 en frekari upplýsingar um fjölda umsókna og úthlutaða styrki skipt eftir sveitarfélögum munu verða birtar að úthlutun lokinni en stefnt er að því að tilkynna um úthlutun eigi síðar en 21. janúar.

VIÐTAL VIÐ STYRKÞEGA UPPBYGGINGARSJÓÐS: HREINSISTÖÐ AKUREYRAR



Verkval ehf. var stofnað á Akureyri árið 1987 og hefur fyrirtækioð þróast í tímans rás og safnað sér mikilli reynslu, þekkingu og viðskiptavild. Verkval þjónustar nú fjölda sveitarfélaga og fyrirtækja á Norðurlandi allt frá Sauðárkróki austur til Þórhafnar.

Starsmaður kynningarmála hjá SSNE fékk Gunnar Rafn Jónsson, framkvæmdastjóra Verkvals til að segja okkur frá Hreinsistöð Akureyrar – hreinsun sands og fitu, verkefni sem hlaut styrk úr Uppbyggingsjóði árið 2020.

Draumurinn um Hreinsistöð er ekki nýr og hefur verið unnið að henni undir merkjum Verkvals ehf í 3-4 ár. Markmið hreinsistöðvar væri að hreinsa vatn frá olíu, fitu og sandi sem dregur magnið saman um 70-80% en úrganginn þarf að flytja langar vegalengdir til úrvinnslu. Jafnframt hefur hluti farið í frárennsliskerfin en nú á að stoppa slíkan umhverfissöðaskap. Þessi þjónusta yrði nýmæli á svæðinu en samfélagslega mjög mikilvæg. „Við hjá Verkval erum búin að vera í sambærilegum málum það er frárennslis- skólpvögerðum, lagnahreinsun og stíflulosin í yfir 30 ár. Við vorum búin að hugsa um þetta lengi en ætti aukning í komum skemmtiferðaskipta hafi ekki orðið til þess að við mánum að markaðurinn væri að verða tilbúin fyrir þessa þjónustu”, segir Gunnar Rafn Jónsson, framkvæmdastjóri Verkvals.

„Við höfum fengið alveg rosalega jákvæð viðbrögð og stuðning í orði frá mörgum, við trúum því að staðfastlega að almennungur verði ánaegður með að slík þjónusta verði í boði á svæðinu en hins vegar eru þetta svona mál sem almennungur vill ekkert þurfa að þæla allt of mikil í.“ Gunnar segir verkefnið yta undir umhverfisvitund og sé ákvæðin hvatning fyrir sjálfbærni. „Já það er auðvitað ljóst að þetta skiptir gríðarlegu mál, því í stað þess að keyra oft langar leiðir með bíla með úrgangi og vatni er hægt að hreinsa vatnið frá á öruggan hátt og þá þarf einungis að fara með þappaðan úrgang lengra.

Aðspurður um mikilvægi Uppbyggingsjóðs fyrir verkefni sem þetta segir Gunnar „Þetta var alveg nýtt fyrir okkur að gera umsókn og ég get alveg sagt að mér fannst það alveg pínu mál en starfsmenn voru afskaplega hjálplegir svo við hjá Verkval erum virkilega þakklát“. Gunnar segir þetta flóknatíma í rekstri og aðaltekjuþátturinn fyrir hreinsistöðina séu skemmtiferðaskipt sem duttu alveg niður síðasta sumar og mikil óvissa var með sumarið í ár. „Við hefðum því ekki forgangsraðað fjármangi í þetta á þessum tímum og því er frábært að geta haldið áfram með þetta og haft meiri vinnu fyrir fólk òkka“, segir Gunnar að lokum.

STYRKIR HAUST 2021




Stykjavertíðin er í fullum gangi og er fjölbreytt svíð styrkja sem hægt er að skoða og sækja um. Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki- og styrkjamöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtækta til að kynna sér málín á heimasiðu SSNE þar sem má finna yfirlit fyrir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagssjóðum, Uppbyggingsjóðum Norðurlands eystra o.fl. Við vekjum líka athugið á því að mórg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Athugið að listinn er ekki tæmandi.

Hægt er að bóka viðtal við ráðgjafa á ssne@ssne.is

- [Styrkir til þróunarverkefna í nautgjiparækt](#) / 1. desember 2021
- [Húsfríðunarsjóður](#) / 1. desember 2021
- [Fjármagn til norsk-íslensks menningarsamstarfs](#) / 2. desember 2021
- [Framkvæmdasjóður ferðamannastaða](#) / 7. desember 2021
- [Loftslagssjóður](#) / 9. desember 2021
- [Askur styrktarsjóður fyrir rannsóknir í mannvirkjagerð](#) / 9. desember 2021
- [Betri Bakkafjörður: Frumkvæðissjóður Brothættra byggða](#) / 15. desember 2021
- [Umhverfis- og auðlindamál- rekstur og verkefni](#) / 7. janúar 2022
- [Styrkir til fráveituframkvæmda](#) / 15. janúar 2022

FINNST ÞÉR FLÓKIÐ AÐ SÆKJA UM STYRKI?



Hjá SSNE er hægt að nálgast upplýsingar um ýmsa styrki sem í boði eru, bæði hér á landi sem er erlendis. Þá býður SSNE upp á fríu ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja vegna styrkumsóknarskrifa en nú bætum við um betur og bjóðum upp á fjárhagsaðstoð til að niðurgreiða kostnað við sérhæfða ráðgjöf eða námskeið í styrkumsóknarskrifum.

Markmiðið er annars vegar að fylgja umsóknum af svæðinu og hins vegar að hækka árangurshlutfall umsóknna af svæðinu. Þessi aukna aðstoð við styrkumsóknarskrif er hluti af verkefninu „Nýsköpun um Norðurlandi“ sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021. Einfalt og fljóttlegt er að sækja um slika aðstoð og er tekið við umsóknun allan ársins hring.

Hér er hægt að fá frekari upplýsingar.



SSNE ER Á YOUTUBE



SSNE hefur nú stofnað Youtube rás og má þar finna ýmis myndbönd tengd starfsemi samtakanna, meðal annars fundi, þing og viðtöl sem og öðru myndefni er varðar Norðurland eystra, styrkjaumhverfinu, störf án staðsetningar og margt fleira. Við hvetjum ykkur til að fylgjast með, með því að gerast áskrifendur (subscribe)Youtube ráðsar SSNE.

[Smelltu hér til að skoða YouTube rás SSNE.](#)

FRUMKVÆDISSJÓÐUR BROTHÆTTRA BYGGÐA

Veittir eru verkefnastyrkir og stuðningur á vegum Brothættra byggða til þróunarverkefna og annarra samfélagsfældi verkefna á þeim svæðum sem taka þátt. Verkefni þurfa að styðja við markmið og framtíðarsýn í verkefninu Brothætta byggðar í viðkomandi byggðarlagi.

Sjóðurinn er opinn einstaklingum, félögum og öðrum lógaðilum óháð búsetu uppfylli umsókn skilyrði sjóðsins og útlutunarræglur.

Styrk eru veittir í eftirfarandi flokkum:

- Verkefna- og stofnstrykir á svíði atvinnu- og nýsköpunar
- Verkefnastyrkir á svíði samfélagsfældingar

Frumkvæðissjóður: Betri Bakkafjörður, Umsóknarfrestur er til 15. desember 2021



12 UMSÓKNIR VEGNA GLÆÐUM GRÍMSEY

Umsóknarfrestur í Frumkvæðissjóð Brothættra byggða í byggðarþróunarverkefni Glæðum Grímsey lauk þann 24. nóvember sl. Alls bárust 12 umsóknir. Heildarkostnaður við verkefnið er alls um 55.5 m.kr. Sótt var um styrki að upphæð alls 23.3 m.kr. Verkefnistjóri Glæðum Grímsey mun meta umsóknir og útlutla styrkjum í byrjun árs 2022. Ljóst er að fjöldi og metnaður umsókna sem bárust í Frumkvæðissjóðinn endurspeglar áhuga fyrtækja, stofnana og einstaklinga að þróa og efla atvinnulíf og samfélög í Grímsey.

ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGUR Í GRÍMSEY

Þjóðhátíðardagur Grímseyinga var að venju haldinn hálfdegla þann 11. nóvember, á fædingardegi velgjörðarmanns Grímseyinga, Bandaríkjamanins Daniel Williard Fiske (1831-1904). Arna Björg, verkefnistjóri Glæðum Grímsey og Hildur, verkefnastjóri menningarmála voru viðstaddir í eynni í því tilefni.

Þjóðhátíðardagurinn hófst með að minningarsýning um Fiske var formlega opnuð í flugstóðinni í Grímsey. Veg og vanda að uppsetningu sýningarinnar hafði Sigriður Órvardsdóttir safnafræðingur og hönnuður fyrir hönd Akureyrarstofu. Því næst buðu heimamenn gesti í skemmtilega og fræðandi ferð um eyjuna. Kvenfélagið Baugur bauð síðan upp á veglega afmælisveislu í félagsheimilinu Múla.

Saga Fiske er stórmerkileg. Hann var amerískur fræðimaður sem heillaðist af Íslandi og tók ástfóstri við eyjuna við Heimskautsbaug, Grímsey, bratt fyrir að ná aldrei að stíga þar á land. Fiske kynntist mórgum íslenskum mektarmanninum á námsárum sinum í Kaupmannahöfn. Meðal þeirra var Jón Sigurðsson forseti en þeir urðu afar góðir vinir. Væntanlega hefur hvorugan grunað að afmælisdagar þeirra beggja yrðu þjóðhátíðardagar á eyjunum í norðri.

Fiske gaf Grímseyingum veglega bókagjöf svo koma mætti upp almenningsbókasafni í Grímsey. Þá sendi hann taflborð og taflmenn á hvert heimili í eyjumni en eyjaskeggjar voru annaðlaðir fyrir snilli sína í þeirri hugaríþrótt. Fiske arfleiddi einnig Grímseyinga að miklu fjármunum sem þeir byggðu m.a. skólahús fyrir.



FRUMDRÖG AÐ NÝRRI KIRKJU Í GRÍMSEY

Á sóknarnefndar- og ibúafundi í Grímsey þann 16. nóvember síðastliðinn kynnti Hjörleifur Stefánsson arkitekt frumdrög að nýri kirkju.

Þegar horft er til byggingarreglugerðar verður ekur betur séð en að nauðsynlegt verði að bæta töluverðu rími við það sem gamla kirkjan bjó yfir vegna nútímkrafa um margvíslegan búnað, svo sem tækjabúnað, ræstikléfa, snyrtingu, aðgengi fatlaðra o.fl. Einnig er horft til þess að sjálfsgagt væri að gera nýja kirkju þannig úr garði að hún nýttist sem best einnig til annarra athafna en helgihalds.

Fundurinn samþykkti einróma að Hjörleifur myndi halda áfram með verkefnið og að fullvinna telkingarnar. Jafnframt óskaði hann eftir að Arna Björg Bjarnadóttir, verkefnistjóri Glæðum Grímsey hefði yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins.

Nánari upplýsingar um forsendur frumteikninga má óska eftir hjá Örnú á netfangið arna@ssne.is



GLÆÐUM GRÍMSEY, BETRI BAKKAJFÖRÐUR OG NORÐANÁTT Í FJÖLMÍÐLUM

Arna Björg Bjarnadóttir, verkefnistjóri Glæðum Grímsey og Gunnar Már Gunnarsson, verkefnistjóri Betri Bakkafjörðar voru gestir í Föstudagsþættinum hjá Oddi Bjarna á N4 þann 5. nóvember sl. Í þættinum ræddu þau tækifæri byggðanna og stíkluðu á stóru um störf þeirra og verkefni framundan. Hægt er að [horfa á innslagið hér](#).



Þá var Anna Lind Björnsdóttir, verkefnastjóri SSNE gestur Odd Bjarna, ásamt Arnheiði Jónsdóttir, framkvæmdastjóra Markaðsstofu Norðurlands þann 26. nóv. sl. og ræddi bar um nýsköpun á Norðurlandi og [verkefni Norðanáttar](#). [Smelltu hér til að horfa á innslag](#).



ÚRGANGSMÁL Á NORÐURLANDI

SSNE og SSNV stóðu sameiginlega að fjarfundum um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Eyrir Margréttardóttir hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga ræddi um breytingar úrgangsstjórnun sveitarfélaga og í kjólfar hennar kom Rakel Sigurveig Kristjánsdóttir frá Umhverfisstofnun og fjallaði um svæðisáætlunar, stóðu þeirra og hlutverk Umhverfisstofnunar í því sambandi. Að lokum sagði Helgi Þór Ingason frá forverkefni um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar. Upptaka af fundi er aðgengileg á [Youtube rás SSNE](#).

NÝR VERKEFNASTJÓRI SSNE Í NÆRMYND

Rögnvaldur Guðmundsson hefur verið ráðinn í starf verkefnastjóra SSNE á svíði fjármála og reksturs. Rögnvaldur hót störf 24. nóvember sl. og er með starfsstöð á Akureyri. Kolfinna, starfsmaður kynningarmála hjá SSNE fékk Rögnvald til að svara nokkrum lauflétturnum og skemmtilegum spurningum fyrir fréttabréfið.

Ertu með einhverja sturlaða staðreyni um þig?

“



„Ég hef verið „limosine driver“ í New York!!!“

Hvaða tækifæri séð þú í landshlutunum? „Það eru fjölmög tækifæri á svæðinu, fjölbreytt náttúra, matvæla framleiðsla til lands og sjávar og svo má lengi telja.“

Hvað ætlað þú að gera um jólín? „Ég kem til með að hafa það náðugt eftir að við verðum búin að koma okkur fyrir á nýjum stað.“

Hvað var það við starf verkefnastjóra SSNE sem fékk þig til að sækja um? „Undanfarin ár hef ég umnið tölubert með atvinnupróunarfelögum í Noregi og finnst það spennandi og gefandi starf. Norðurland er áhugavert svæði og mig langar að taka þátt í vexti og viðgangi svæðisins.“

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í frítíma þínum? „Ég tek myndir, labba, hjóla og ligg annars í leti;)

FJÖLDI UMSÓKNA Í MATSJÁNNA

Umsóknarfrestur í Matsjánna lauk nú á dögunum, verkefni sem er ætlað smáframleidendum matvæla sem vilja efla leiðtogaferni sína, öðlast aukna getu til að þráða vörur og þjónustu og efla tengslaneti sitt í greininni. Matsjáin samanstendur af sjó lotum með heimafundum/jafnringjaráðgjör, fræðslu og erindum, verkefnainnu og ráðgjöf. Alls hafa 82 smáframleidendar matvæla skráð sig í Matsjánna, þar af átta frá Norðurlandi eystra.



UNGMENNAPÍNG NORÐURLANDS EYSTRA 2021

Ungmennapíng SSNE fór fram í Mývatnssveit dagana 25. - 26. nóvember síðastiðinn. Þar voru saman komin um 30 ungmanni úr sveitarfélögum landshlutans og tókust á við áskoranir Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, sem var jafnframt þema þingsins.



Ungmennin unnu t.d. með þróun á smáforritum/óppum inn að Ungmennaborpinu og gaſt fólk kostur að taka þátt i því verkefni og leggja þeim lið. Hægt er að skoða verkefnin sem eru að mótaſt og koma með góðar og gagnlegar ábendingar eða hverkyns endurgjóf á verkefni. Smáforritunum er ætlað að aðstoða við áskoranir Íslands þegar kemur að Heimsmarkmiðunum SP. Eitt af smáforritum verður svo valið og reyni að koma í framkvæmd, að hluta til byggt á fjölda endurgjafa. Þau eru svo sannarlega framtíðin, hugmyndarík, upplýst og verkefnin spennandi sem þau eru að vinna að og við þókkum ungmennunum kerlægja fyrir lærðómsríka daga í Skútustaðahreppi.

HAUSTFUNDUR ATVINNURÁÐGJAJA

Í byrjun nóvemburs komu atvinnuráðgjafar og starfsfólk Byggðastofnunar saman á Snæfellssnesi til að ræða verkefni og deila þekkingu.

Dagskráin var metnaðarfull og samanstóð af kynningum, umræðum og kynnisferð um Snæfellssnes. Gestir fengu að kynna Stykkishólmí og sögu húsanna á staðnum ásamt því að ferðast á Rif og heimsækja þar að meðal Frystiklefann. Á þinginu voru kynningar m.a. á verkefnum er tengjast nýsköpun, evrópuverkefnum og svo var Tryggi Hjaltason með erindi um framtíðina og hugverkaiðnað.



Gestir ræddu líka um samstarf og styrkinn í að vinna verkefni saman en það hefur sýnt sig t.d. í sambandi við rannsóknir, þróun á gagnavinnslu, samvinnunni varðandi Loftbrú og svo mætti lengi telja. Á mynd eru verkefnastjórar SSNE þær Nanna Steina, Hildur, Anna Lind og Silja.



BIZMENTOR

SSNE hefur verið þátttakandi í NPA verkefni síðastliðin þrijú ár. Nú er verið að opna afraksturinn á vefsíðunni, <https://bizmentors.eu/> og er þar Vefvangur sem leiðir saman frumkvöðla og reynt fólk úr atvinnulífinu, mentora, Vefvanginum er ætlað að vera viðbót við þann stuðning sem hægt er að finna í dag og gefur öllum færri að að komast í samskipti við fólk með þekkingu og reynslu sama hvar viðkomandi frumkvöðull er staddir og sama hvenær ársins aðstoðar er þjort.

Með í verkefninu eru Ísland, Norður-Ísland og Finnland svo að hægt er að tengjast fólk i þeim löndum en afraksturinn er opin og geta fleiri lönd tekið þátt í framtíðinni. Ef þú ert frumkvöðull eða mentor pá hvetjum við þig til að skrá þig inn og skoða möguleikana á vefvanginum.



UMHVERFISMÁL - FRÆÐSLA

Hlut af áhersluverkefni SSNE varðandi umhverfismál árið 2021 fólst í frekari fræðslu og aðgengi að viðeigandi fræðsluefni. Nú er búið að setja upp undirslóu á vef SSNE, sem má finna yfirlit varðandi, það helsta er snýr að umhverfli þessa málaflokks. Síðan er í vinslu og þiggjum við alla aðstoð og ábendingar hvað vanrar eða hvað megi betur fara, það er mikilvægt fyrir sveitarfélög að finna á einum stað þær upplýsingar sem þau þurfa varðandi umhverfismál og þær skyldur sem þau bera í þeim málaflokki.

Einnig má benda á alla þá fræðslu sem Umhverfisstofnun er að bjóða upp á rafrænt og í dag er nóg í boði. Á heimasiðu SSNE má oft finna gagnlegar upplýsingar eða fræðslu sem nýlist.



SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Eins og nokkuð reglubundið er orðið hjá okkur þá stóð SSNE fyrir einum fundi með kjörnum fulltrúum og framkvæmdastjórum sveitarfélaga í síðasta mánuði og var sá fundur haldinn föstudaginn 5. nóvember. En í þetta sinn færðum við út kviarnar og héldum fundinn í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Viðfangsefn fundarins voru úrgangsmál á Norðurlandi. Markmið með fundinum var að upplýsa um breyttar lagakröfur, áhrif þeirra á sveitarfélögum og ræða stöðu og hlutverk svæðisáætlana í því sambandi. Egerður Margrétardóttir, verkefnistjóri hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga fjallaði um breyttar lagakröfur varðandi úrgangsmál og áhrif þeirra. Síðan fjallaði Rakel Sigurveig Kristjánsdóttir hjá Umhverfisstofnun um svæðisáætlunar, stöðu þeirra og aðkomu Umhverfisstofnunar að þeim. Að lokum fjallaði Dr. Helgi Þór Ingason um forrannsókn um brennslu úrgangs á Íslandi. Var fundurinn nokkuð vel söttur og ágætar umræður urðu um þessi mikilvægu viðfangsefni. Fundurinn var tekinn upp og má sjá upptökuna [hér](#).

Um nokkurt skeið hefur það verið til skoðunar að SSNE flyttist í húsnaði með þekkingarneti Þingeyinga ásamt fleiri aðilum sem starfa við nýsköpun, frumkvöðlastarf og þekkingarstarf. Var það samtal hafið og í gangi hjá Atvinnuþróunarfelags Þingeyinga þegar tók SSNE við því eftir sameiningu félaganna. Á 31. fundi stjórnar SSNE fól stjórn framkvæmdastjóra að ganga til samninga um leigu skrifstofuáðstöðu að Hafnarstétt 1-3 á Húsavík en þar er þekkingarnet Þingeyinga að byggja upp nýsköpunarmiðstöð þar sem aðilar í nýsköpun og frumkvöðlastarf koma saman ásamt aðilum í þekkingargeiranum. Fjölmörg tækifæri felast í því að fléttu starfsemi SSNE á svíði atvinnuþróunar og nýsköpunar inn í það umhverfi. Það er þekkt að þar sem ólikir aðilar, sem vinna að sambærilegum verkefnum koma saman og leggja saman krafta sína þar getur skapast umhverfi sem margfaldað sköpunarkraft og hugmyndauðgi, eykur slagkraft og býr til vettvang þar sem verkefni vaxa og dafna. Nú eru samningaviðræður í gangi og verða þær vœtanlega leiddar til lykta fyrir jól. Ef af verður flytur SSNE að öllum líkendum í lok maí á næsta ári.

Þrátt fyrir stöðu heimsfaraldurs fáum við oft skemmtilegar heimsóknir þessa dagana. Langar mig þar að nefna heimsókn danska sendiherrans á Íslandi, Kirsten Geelan. Hún fékk stutta kynningu á starfsemi SSNE ásamt erlendu upplýsingasíðu samtakanna, invest.northeast.is. Einnig kynntum við fyrir henni nokkur áhersluverkefna SSNE og má segja að bæði Velferðarklasi og Skóli í skýjunum hafi vakið áhuga hennar. Spunnust skemmtilegar umræður um þá móguleika sem þessi verkefni fela í sér og tengingu þeirra við Norðurslóðir.

Nú standa yfir starfsmannasamtöl hjá SSNE þar sem framkvæmdastjóri fer yfir málum með hverjum og einum starfsmanni. Þessi samtólf draga þau atriði sem við viljum vinna meira með og betur en einnig er þetta tækifæri til formlegrar endurgjafar um alla þætti sem snúa að starfinu og vinnustaðnum. Það kemur alltaf eittvað gott og gagnlegt út úr þessum samtölum og með eftirfylgni nást fram umbætur sem gera bæði starfsemina og vinnustaðinn betri.

Með kærri kveðju
Eyþór Björnsson

Síðara aukaping SSNE 10. desember 2021

10. desember næstkomandi verður seinni aukaping SSNE 2021 haldið. Sem kunnugt er stóð til að halda þingið í Eyjafjarðarsveit en vegna stöðu faraldursins var það talið óumfljójanlegt að færa þingið yfir í netheima. Við erum örðin býsna vön því að halda rafræn þing og reyndar er það svo að SSNE hefur ekki enn náð að halda staðarþing. En það kemur að því og nú stefnum við bjartsýn á ársþing SSNE 2022 í Eyjafjarðarsveit í apríl á næsta ári.

Þingið 10. desember hefst klukkan 8:30 og er dagskrá þess eftirfarandi:

KI. 08:30 Þingsetning. Hilda Jana Gísladóttir, formaður SSNE.

- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Kosning kjörnefndar.
- Skýrsla um framvindu starfsáætlunar 2021.
- Skýrsla um framvindu fjárhagsáætlunar 2021.
- Starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingasjóðs.

KI. 09:10 Minjavern og samspli við skipulagsmál.

KI. 09:30 Árangsmat Sóknaráætlunar.

KI. 09:50 Ávörp gesta.

KI. 10:05 Umhverfismál SSNE.

- Áskoranir sveitarfélaga.
- Framtí i loftlagsmálum og orkuskiptum.
- Úrgangsmál - svar við áskoranum og framtíðarpælingar.
- Landnýting - tækifæri sveitarfélaga i breytti landnotkun.
- Umræður.

KI. 11:30 Áhersluverkefni 2022.

- Kynning á framkommum hugmyndum.
- Höpavinnna og umræður.

KI. 12:30 Þingi slitið.

Minnt er á að þing SSNE fara með aðsta vald landshlutatasamtakanna, innan marka laga og samþykkt. Rétt til setu á þingunum eiga allir einstaklingar og lögðaðlar sem eiga lögheimili á starfssveði landshlutatasamtakanna. Einnig hafa fjölmargir fulltrúar hagaðila málfrælsi og tillögurétt á þingum og sjá má upplýsingar þess einfis í 4. gr. samþykktá SSNE, sjá: [Samþykktá SSNE](#).

Viðverutímar starfsmanna

Akureyri - Elva, Rebekka, Rögnvaldur og Kolfinna eru við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:00 og á föstudögum til 14:00. Eyþór er á Akureyri 2 daga í viku að jafnaði. Meginreglan er að hann sé þar mánudaga og þriðjudaga en það er þó breytilegt eftir dagskrá hvarrar viku. Verkefnastjórar Glæðum Grímsey (Arna) og Betri Bakkafjarðar (Gunnar) hafa einnig starfsáðstöðu á Akureyri.

Bakkafjörður - Gunnar Már er við mánudaga til miðvikudaga milli 9:00 - 15:00.

Dalvík - Anna Lind er við á þriðjudögum 9:00-15:00.

Grímsey - Arna Björg er með breytilega viðveru úti í Grímsey en er að jafnaði við á skrifstofu okkar á Akureyri mánudaga til föstudaga 9:00-12:00.

Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega fóst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar. [Allar tenglaupplýsingar má finna hér.](#)

Húsavík - Silja, Ari Páll og Hildur eru við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:00 og fös 9:00-14:00. Eyþór er á

Húsavík tvo daga í viku að jafnaði. Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er þó breytilegt eftir dagskrá hvarrar viku.

Ólafstjörður - Anna Lind er við á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum 9:00-15:00 og á föstudögum 9:00-14:00. Eyþór er þar að jafnaði síðasta mánudag í hverjum mánuði.

Raufarhófn - Nanna Steina er við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:30.